

**Ed.**

**772. Frumvarp til laga**

**[93. mál]**

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Í 8. gr. laganna komi orðið „vélanefnd“ á tveim stöðum í stað orðsins verkfæranefnd.

**2. gr.**

- a. Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 6 milljónum kr.
- b. Í stað orðsins „verkfæranefnd“ í sömu lagagrein komi: vélanefnd.

**3. gr.**

- a. Í stað orðsins „Verkfæranefnd“ í byrjun 2. málsl. 10. gr. laganna komi: Vélanefnd.
- b. Í stað tveggja síðustu málsg. sömu lagagreinar komi:

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæðum viðkomandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal senda Búnaðarfélagi Íslands skilagrein fyrir fyrningargjaldinu í lok hvers reikningsárs.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýslu-ábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta í hlutaðeigandi ræktunarsambandi.

**4. gr.**

- a. Í stað orðanna „Verkfæranefnd ríkisins skal hafa eftirlit með“ í upphafi 11. gr. laganna komi: Vélanefnd ríkisins skal í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með.
- b. Í stað orðanna „að dómi verkfæranefndar“ í sömu lagagrein komi: að dómi vélanefndar.

**5. gr.**

12. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins skulu halda námskeið fyrir þá menn, er eiga að vinna með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda hafa þeir menn einir rétt til að vinna með slíkum tækjum, sem eru viðurkenndir til þess hæfir af vélanefnd ríkisins. Kostnaður samkvæmt 11. og 12. gr. greiðist úr ríkissjóði.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.